

Mánudaginn 18. desemberm.

Nr. 37/1905:

Réttvísín
gegn
Hinriki Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 24. júlí þ. á., var hinn ákærði unglingspiltur Hinrik Jónsson á Granda í Þingeyrarhreppi, dæmdur fyrir innbrotspjófnað samkvæmt 231. gr. 4. lið alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 38. gr. sömu laga, til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða kostnað málsins, þar með taldar 5 kr. í máls varnarlaun til skipaðs verjanda hans í héraði, alþingismanns Jóhannesar Ólafssonar. En þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að í fyrra vor (1904) í vikunni fyrir hvítasunnu fór hann um nótt inn um kjallaraglugga á verzlunarbúð N. Chr. Grams verzlunar á Þingeyri á þann hátt, að hann seildist með hendinni inn um rúðuna, sem var brotin, og krækti upp gluggarammanum. Fór ákærði síðan upp í búðina og tók þar nálægt 10 kr. í smápeningum úr ólaestri peningaskúffu og $\frac{1}{2}$ fl. af líkör. Ákærði fór aftur með sama hætti í búðina í vikunni eftir hvítasunnuna, tvívegis, og hafði þá burtu með sér í

fyrra skiftið um 10 kr. í smápeningum og $\frac{1}{2}$ fl. af sænsku bankó, en síðara skiftið 6—7 kr. í peningum, $\frac{1}{2}$ fl. af bankó og $\frac{1}{2}$ pd. af súkkulaði. Og enn fór ákærði á sama hátt í búðina í vikurni fyrir Jónsmessu, en braut þá rúðuna til að komast í kjallarann. Tók hann þá úr peningaskúffunni nálægt 5 kr. og $\frac{1}{2}$ fl. af sænsku bankó. Loks fór ákærði í 5 sinn í búðina aðfaranótt 4. sept. í fyrra. Var hann þá nótt háttaður og sofnaður heima hjá sér á Granda, en vaknaði um miðnætti og klæddist og gekk til Þingeyrar, sem er drjúgur $\frac{1}{2}$ tíma gangur. Þar braut hann rúðu í kjallaraglugga undir verzlunarbúðinni og krækti upp gluggarammanum og skreið inn; fór síðan upp í skrifstofu verzlunarinnar og tók þar peningakassa og hafði burt með sér. Í túninu á Granda sprengdi hann upp kassann og tók úr honum peninga þá, gull, silfur, kopar og seðla, sem í honum voru, og voru það um 250 kr., en gróf kassann í jörðu. Það sem ákærði þannig stal í öll skiftin hefir að meðtöldum peningakassanum verið virt 299 kr. 67 a. og náðist af pening unum óeytt, þegar hann var tekinn, 144 kr. 18 a. Hinu hafði hann verið til munaðarvörukaupa og á annan hátt, og hefir eigi verið krafist iðgjalda fyrir það í málinu.

Ákærði er fæddur 11. nóv. 1886 og var því eigi orðinn fullra 18 ára, er hann framdi þjófnaðinn. Hann hefir eigi sætt ákæru eða hegningu áður fyrir neitt lagabrot, og er brot hans af undirdómaranum réttilega heimfært undir 231. gr. 4. lið hegningarlaganna, sbr. 38 gr. þeirra. Þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af undirdómaranum; og með því að ákvæði aukaréttar-

dómsins um málskostnað samþykkjast, verður aukaréttardómurinn í heild sinni staðfestur. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Hinrik Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttamálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Guðm. Eggerz, 10 kr til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.